

FUNDARGERÐ

Árið 2021, miðvikudaginn 2. júní kl. 13:30, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fjarfundar á Teams.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Daníel Jakobsson, Karen E. Halldórsdóttir og Margrét Þórarinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aron Gústavssyni, Hrafnkatli Hjörleifssyni, Ragnari Ágúst Róbertyssyni og Tinnu Dahl Christiansen, semritaði fundargerð.

Stefán Vagn Stefánsson boðaði forföll.

Gestir fundarins undir lið 2: Jón Gíslason formaður samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaga í Austur-Húnnavatnssýslu, Magnús B. Jónsson fyrrverandi sveitarstjóri og Róbert Ragnarsson frá RR ráðgjöf.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð frá 23. apríl 2021

Lögð var fram fundargerð frá 23. apríl 2021 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerð frá 23. apríl 2021 var samþykkt án athugasemda.

2. Sameining sveitarfélaga

Austur-Húnnavatnssýsla

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 1. júní 2021, ásamt umsókn frá samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaga í Austur-Húnnavatnssýslu þar sem sótt er um styrk úr Jöfnunarsjóði til að undirbúa og koma á fót Umhverfisakademíu að Húnavöllum. Sótt er um 20 m.kr. styrk á þessu ári og 20 m.kr. á árinu 2022. Jón Gíslason formaður samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaga í Austur-Húnnavatnssýslu, Magnús B. Jónsson fyrrverandi sveitarstjóri og Róbert Ragnarsson frá RR ráðgjöf mættu á fundinn og fylgdu umsókninni úr hlaði.

Verkefnið er tengt kosningum um sameiningu sveitarfélaga í Austur-Húnnavatnssýslu: Blönduóssbæjar, Húnnavatnshrepps, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar. Um yrði að ræða nýtt sveitarfélag með um 1.900 íbúa.

Framlag úr sjóðnum yrði notað til undirbúnings stofnunar lýðskóla þar sem stefnt er að kennslu í umhverfisfræðum. Sameinist sveitarfélögin fjögur er gert ráð fyrir því að skólinn á Húnavöllum verði sameinaður grunnskólanum á Blönduósi en á Húnavöllum eru kjöraðstæður fyrir rekstur á starfsemi lýðskóla. Ljóst er að verði skólahald aflagt á Húnavöllum myndi það leiða til hagræðingar í sameinuðu sveitarfélagi.

Framlag til sameinaðs sveitarfélags vegna þessa verkefnis gæti fallið undir 12. gr. rgl. nr. 1088/2018 um framlög til sérstakra verkefna. Um er að ræða heimild til að greiða sveitarfélögum framlag til

verkefna sem geta haft mikla þýðingu fyrir sveitarfélög og/eða leitt til hagræðingar í rekstri og þjónustu þeirra.

Að umræðu lokinni samþykkti nefndin að veita framlag allt að fjárhæð 10 m.kr. á árinu 2021 og 10 m.kr. á árinu 2022, samtals 20 m.kr. gagn því skilyrði að af sameiningu verði og að jákvætt vilyrði hafi borist frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Vopnafjörður – valkostagreining

Tálknafjörður

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 1. júní 2021, ásamt umsóknum frá Vopnafjarðarhreppi og Tálknafjarðarhreppi um framlög úr Jöfnunarsjóði til að framkvæma valkostagreiningar er varðar möguleika sveitarfélagna á sameiningum.

Áætlað er að kostnaður Tálknafjarðarhrepps verði á bilinu 2,2-2,6 m.kr. en greitt er sérstaklega fyrir ferðakostnað. Áætlaður kostnaður Vopnafjarðarhrepps vegna verkefnisins er 2,5-3,0 m.kr.

Að umræðu lokinni samþykkti nefndin að veita framlag til Tálknafjarðarhrepps allt að 2,6 m.kr. og allt að 3,0 m.kr. til Vopnafjarðarhrepps.

3. Endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga

Erindi frá ráðuneytinu

Lagt var fram erindi frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 1. júní 2021, þar sem vísað er til erindis frá ráðuneytinu til ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga dags. 21. apríl 2021. Þar var farið fram á, með vísan til lögbundins hlutverks Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sbr. m.a. f. liður 11. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, að sjóðurinn veiti allt að 25 m.kr. framlag til vinnu við endurskoðun tekjustofna sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Framlagið yrði einnig nýtt til annarra verkefna sem unnið verður að á næstu 2 árum við innleiðingu stefnumarkandi áætlunar um málefni sveitarfélaga eftir því sem við á, m.a. greiningu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og aðgerð er varðar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa.

Nánari áætlun um ráðstöfun fjármunanna er eftirfarandi:

- Kostnaður við verkefnisstjóra til ársloka 2022, sem einkum sinnir eftirfylgni með frumvarpi um lágmarksíbúafjölda, endurskoðun tekjustofna sveitarfélaga, þ.m.t. Jöfnunarsjóðs, og greining á starfsaðstæðum kjörinna fulltrúa – 15 m.kr.
- Söfnun upplýsinga, greining og mat á fjárhagslegum áhrifum tillagna varðandi endurskoðun tekjustofna sveitarfélaga, þ.m.t. Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga – 3 m.kr.
- Könnun á starfsaðstæðum kjörinna fulltrúa – 5 m.kr.
- Greining á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og tillögur að vegvísi – 2 m.kr.

Ráðuneytið mun um mitt ár 2022 meta hvort þörf er á frekari stuðningi sjóðsins við framkvæmd stefnumörkunarinnar, og eftir atvikum setja fram tillögur þar að lútandi til ráðgjafarnefndar.

Að yfirferð lokinni samþykkti nefndin að veita framlag að fjárhæð 25 m.kr.

4. Skaftárhreppur

Framlag vegna fjárhagserfiðleika

Lagt var fram til kynningar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 1. júní 2021, ásamt umsókn frá Skaftárhreppi, dags. 26. maí 2021, þar sem fram kemur að sveitarfélagið eigi við lausafjárvanda að striða. Sveitarfélagið er ekki mjög skuldsett og fékk ekki framlag vegna fjárhagserfiðleika í kjölfar Covid-19 sem úthlutað var úr sjóðnum í lok síðasta árs.

Hins vegar hefur verulega dregið úr tekjum og er gert ráð fyrir halla á rekstri sveitarfélagsins á árinu 2021 þrátt fyrir að skorið hafi verið niður í rekstri sveitarfélagsins. Kosið verður um sameiningu Skaftárhrepps, Rangárþings eystra og ytra, Mýrdalshrepps og Ásahrepp 25. september og fram kemur í erindinu að mikilvægt sé að Skaftárhreppur standi sem best þegar kemur að umræðum um sameininguna í haust.

Fram kom að erindið sé til skoðunar af starfsmönnum SRN/eftirlitsnefndar og fjallað verði um málið síðar í ráðgjafarnefnd.

5. Efling tónlistarfæðslu

Framlög – 1. grein

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 7. maí 2021, ásamt fylgiskjali með útreikningum. Á grundvelli 3. gr. reglna um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings tónlistarnáms og jöfnunar á aðstöðumun nemenda ber sveitarfélögum að senda skrá um nemendur sem stunda eða hafa stundað tónlistarnám á yfirstandandi skólaári sem fellur undir 2. mgr. 1.gr.

Á grundvelli þeirra upplýsinga um kennslumagn á yfirstandandi skólaári, sbr. 3. gr., birtir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga upplýsingar um skiptingu framlaga milli sveitarfélaga vegna kennslu nemenda í framhaldsnámi í hljóðfæraleyk og söng ásamt miðnámi í söng, skv. 2. mgr. 1. gr. að teknu tilliti til fjármagns sem er til úthlutunar hverju sinni.

Við útreikning á kennslumagni eru raunverulegar kennslumínútur umreiknaðar yfir í einingar út frá stuðlum í kjarasamningi tónlistarkennara. Fjármagn hvers árs er greitt úr ríkissjóði skv. samkomulagi ríkis og sveitarfélaga frá 3. desember 2018. Styrktarframlag ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð vegna eflingu tónlistarnáms er 585,8 m.kr. á árinu 2021.

Að lokinni umfjöllun samþykkti nefndin tillögu til ráðherra um áætluð framlög að fjárhæð 570.000.000 kr.

YFIRFÆRSLA MÁLEFNA FATLAÐS FÓLKS

6. Almenn framlög

Enduráætlun framlaga

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 31. maí 2021, ásamt fylgiskjali með útreikningum á 2. áætlun framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2021. Búið er að uppfæra stöðu þjónustu á svæðunum að teknu tilliti til athugasemda þjónustusvæða vegna endanlegrar áætlunar 2020. Þá er einnig búið að samkeyra gögnin við Þjóðskrá Íslands m.t.t. andláts og lögheimilisskráningar 1.1.2021.

Greiðslur reiknast vegna 1.281 einstaklinga (fjölgun um 37 frá fyrri áætlun) þar af er greitt með 1.090 (var 1.028) á grunni SIS mats og 191 (var 216) á grunni kostnaðar. Meðaltals SIS-mat sem greitt er eftir er 9,03 (var 9,32) og miðgildið er 8,1 (var 8,2). Skráður kostnaður við þjónustu þeirra sem greitt er með á grunni kostnaðar eru 4,22 ma.kr. (22,1 m.kr. að meðaltali) en var 4,25 ma.kr. (19,7 m.kr. að meðaltali) við fyrri áætlun.

Nokkrar breytingar verða milli 1. og 2. áætlunar 2021. Rétt er að benda á að 1. áætlun 2021 var gefin út í október 2020 en endanleg áætlun ársins 2021 var gefin út í nóvember 2020 eftir að sveitafélögum/þjónustusvæðum hafði verið gefinn kostur á að gera athugasemdir við drög að endanlegri áætlun. 1. áætlun 2021 byggir því á eldri gögnum en endanleg áætlun 2020 og því gefur réttari mynd að bera 2. áætlun 2021 saman við endanlega áætlun 2020.

Engar athugasemdar voru gerðar við framangreindar áætlanir og leggur nefndin til við ráðherra að þær verði samþykktar.

7. Reglugerð vegna framlaga 2021

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 1. júní 2021, ásamt drögum að reglugerð vegna framlaga Jöfnunarsjóðs vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2021. Helstu breytingar er að finna í 3. lið II hluta reglugerðarinnar, er viðkemur nýliðun í þjónustu. Breytingin er hugsuð til að setja skýrari viðmið varðandi hvaða þjónustuþegar eigi rétt á almennum framlögum vegna málefna fatlaðra með vísan í annars vegar lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og hins vegar fötlunargreiningar. Þá er einnig tekið skýrar fram í II hluta reglugerðarinnar að mat á stuðningsþörf fullorðinna eingöngu er notað til útreiknings á útgjaldabörf sveitarfélags/ þjónustusvæðis.

Að lokum er tekinn út texti varðandi að álag sé reiknað á SIS flokk á grundvelli heilsu- og/eða hegðunarþarfar þar sem ákveðið hefur verið að notast framvegis við nýja flokkun Greiningar- og ráðgjafarstöðvar sem tekur tillit til þessara þátta.

Að yfirferð lokinni var ákveðið að fresta afgreiðslu erindisins fram á næsta fund.

8. Endurmat á málaflokki fatlaðs fólks

Lagt var fram til kynningar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 1. júní 2021. Unnið er að því í félagsmálaráðuneytinu að endurskoða löggjöf um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Jafnframt verður samhliða endurskoðuð tengd löggjöf, reglugerðir og annað er varðar málefni fatlaðs fólks.

Endurskoðunin hefur í för með sér kostnað og mun sá kostnaður falla að einhverju leiti á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Má þar nefna kostnað vegna stjórnsýsluúttektar Ríkisendurskoðunar en sá kostnaður gæti numið 6-10 m.kr. Þá liggur fyrir að HÍ mun gera úttekt á þjónustu við fatlað fólk eftir gildistöku laganna. Sá kostnaður gæti numið um 5 m.kr. Þá stendur til að gera samning við KPMG vegna greiningar á bókhaldi sveitarfélaga vegna reksturs málaflokks fatlaðs fólks, en kostnaðurinn gæti numið um 1 m.kr.

9. Innri úttekt

Reykjavíkurborg

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 21. maí 2021, ásamt umsókn frá Reykjavíkurborg, dags. 17. maí 2021. Á síðasta fundi ráðgjafarnefndar, þann 23. apríl sl., var tekið fyrir erindi frá Reykjavíkurborg þar sem óskað var eftir framlagi fyrir innri úttekt á heimilum fyrir fatlað fólk í Reykjavík. Var niðurstaða fundarins að fela starfsmanni Jöfnunarsjóðs að óska frekari gagna/rökstuðningsins varðandi annars vegar hvernig úttektin geti nýst öðrum sveitarfélögum/þjónustusvæðum og hins vegar hvort Reykjavíkurborg muni nýta sér vinnumarkaðsúrræði stjórnvalda til að standa straum af launakostnaði.

Sjóðnum hefur nú borist nýtt erindi frá Reykjavíkurborg, dags. 17. maí 2021, í kjölfar fyrirspurna starfsmanns Jöfnunarsjóðs. Í erindinu kemur fram að þegar hafa verið ráðnir tveir meistararanemar í sálfræði í sumarstarf í gegnum vinnumarkaðsúrræði stjórnvalda. Til að geta flýtt úttektinni er nú sótt um styrk til að ráða þrjá meistarana næsta veturn til að halda áfram að framkvæma viðtölin og við úrvinnslu þeirra.

Þá kemur einnig fram að þeir spurningalistar sem notaðir verða eru ekki til í dag og mun Reykjavíkurborg þróa þessa spurningalista og nýta til þess m.a. gæðaviðmið gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar (GEF) og gagnreyndar aðgerðir. Önnur sveitarfélög/þjónustusvæði gætu nýtt form úttektanna og spurningalista til að gera sambærilegar eiginlegar kannanir meðal fatlaðra íbúa sinna. Niðurstöður Reykjavíkborgar geta þannig orðið samanburðarhæfar við önnur svæði sem framkvæma sömu könnun.

Að umræðu lokinni ákvað nefndin að fresta afgreiðslu málsins fram á næsta fund og fela starfsmönnum sjóðsins að taka saman yfirlit yfir hvað hefur verið styrkt sambærilegt þessu áður.

10. Ferð ráðgjafarnefndar

Stefnt er á að fara í ferð ráðgjafarnefndar 23.-25. ágúst.

11. Næsti fundur

Ákveðið var að næsti fundur nefndarinnar yrði 28. júní kl. 10:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15:10.

Guðný Sverrisdóttir

Ásta Stefánsdóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Daníel Jakobsson

Karen E. Halldórsdóttir

Margrét Pórarinsdóttir

Stefán Vagn Stefánsson